

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 26. september 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01'00N – 22°12'30V
2. 67°06'60N – 22°18'00V
3. 67°09'00N – 20°48'00V
4. 67°01'00N – 20°48'00V
5. 66°43'00N – 20°56'00V
6. 66°41'50N – 21°20'00V
7. 66°55'00N – 21°51'00V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafraamt er felld úr gildi reglugerð nr. 299, 13. ágúst 1992 um bann við togveiðum á Strandagrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. september 1992.

Þorsteinn Pálsson

Árni Kolbeinsson.

24. september 1992

Nr. 349

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnu- skyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. telst rækja, sem veidd er á Héraðsflóa milli lína, sem dregnar eru í réttvísandi austnord austur frá Bjarneyjarvita og Ósfles, til úthafsækju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.